

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5239/2010:

Rima Kavalskyte

(Einar Hugi Bjarnason hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. mars sl., að lokinni aðalmeðferð, var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Rima Kavalskyte, Grettisgötu 96, Reykjavík, á hendur íslenska ríkinu, með stefnu áritaðri um birtingu 13. ágúst 2010.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 10.927.830 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðbætur frá 13. ágúst 2010 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmd til þess að greiða honum málskostnað, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áður en dómur var kveðinn upp.

II

Málavextir eru þeir, að hinn 11. nóvember 2009 bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu upplýsingar frá lögreglunni í Litháen um að tveir litháískir karlmenn hygðust flytja til landsins talsvert magn fíkniefna í bifreið. Ætluðu þeir að ferðast til landsins með ferjunni Norrænu ásamt bifreiðinni hinn 12. nóvember. Hinn 13. nóvember 2009 handtók lögreglan í Færeyjum mennina tvo, en þeir höfðu misst af ferjunni daginn áður. Við leit í bifreiðinni fundust rúmlega 4000 MDMA-töflur og um 3 kíló af metamfetamíni.

Við rannsókn lögreglu kom í ljós að tveir litháískir karlmenn hér á landi voru viðriðnir innflutninginn og að stefnandi var í vinfengi við þá. Rannsókn leiddi einnig í ljós að stefnandi hafði keypt farmiða með ferjunni Norrænu fyrir þá menn sem handteknir voru í Færeyjum. Stefnandi lagði út eigin fjármuni vegna þessara miðakaupa. Þá hafði stefnandi látið gera breytingar á umræddum farmiðum og greitt fyrir þær. Stefnandi hafði einnig verið í sambandi við ferðaskrifstofu ferjunnar í því skyni að spyrjast fyrir um ferðir þeirra þegar þeir skiluðu sér ekki til landsins á tilsettum tíma.

Stefnandi var boðuð á lögreglustöðina við Hverfisgötu hinn 5. janúar 2010. Við komu hennar þangað var henni kynnt að hún væri handtekin í þágu lögreglurannsóknar er varðaði ætlaðan innflutning á fíkniefnum til Íslands. Þann sama dag var gerð húsleit á heimili stefnanda og að henni lokinni var stefnanda tilkynnt að hún yrði vistuð í fangageymslu lögreglunnar í þágu rannsóknarinnar.

Hinn 6. janúar 2010 var tekin lögregluskýrsla af stefnanda. Í skýrslutökunni neitaði stefnandi sök. Stefnandi upplýsti lögreglu um að hún hefði pantað farmiða fyrir tvo menn með farþegaferjunni Norrænu. Hafi hún gert það fyrir kunningja Mindaugas, kærasta síns, að beiðni Mindaugas, þar sem hún hafi verið sú eina þeirra sem talaði ensku. Þá kvað hún ástæðu þess að hún hefði lagt út fyrir farmiðunum hafa verið þá að fjárhagur þeirra Mindaugas hefði verið sameiginlegur. Kvaðst hún ekki hafa haft vitneskju um fyrirhugaðan innflutning fíkniefna í bifreið með Norrænu. Stefnandi hafi talið að mennirnir væru að koma hingað til lands sem ferðamenn til að skoða landið, enda hafi það verið sú skýring sem Mindaugas hafi gefið henni.

Hinn 6. janúar 2010 var stefnandi úrskurðuð í gæsluvarðhald á grundvelli a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, til 3. febrúar sama ár. Þann dag var gæsluvarðhaldsvistin framlengd, með vísan til a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, með úrskurði til 17. febrúar sama ár. Stefnandi var látin vera í einangrun á meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, sbr. b-lið 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008. Báðir þessir úrskurðir voru kærðir til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti þá.

Hinn 17. febrúar 2010, var stefnandi úrskurðuð í farbann til og með 17. mars 2010, á grundvelli b-liðar 1. mgr. 95. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008. Farbannið var svo framlengt fjórum sinnum og því stefnanda bönnuð för af landinu allt þar til dómur gekk í máli ákærvaldsins á hendur henni 4. júní 2010.

Mennirnir tveir sem handteknir voru hér á landi voru sakfelldir í Héraðsdómi Reykjavíkur 4. júní 2010, annar fyrir brot gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, sbr. 20. gr. sömu laga, en hinn fyrir hlutdeild í því broti. Stefnandi var einnig sökuð um tilraun til hlutdeildar í sama broti, en var sýknuð.

Með bréfi stefnanda til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, dagsettu 13. júlí 2010, setti stefnandi fram sundurliðaða skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna ólögmatrar frelsisskerðingar. Stefndi svaraði ekki því bréfi.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hún hafi saklaus verið látin sæta gæsluvarðhaldi frá 6. janúar til 17. febrúar 2010 og farbanni frá þeim tíma til 4. júní sama ár. Byggir hún kröfu sína á 228. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sbr. einnig 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 5. gr. laga nr. 97/1995. Stefnandi byggir á því að ekki hafi legið fyrir rökstuddur grunur um að hún hafi framið verknað sem fangelsisvist sé lögð við og þar af leiðandi hafi ekki verið lögmat skilyrði til handtöku hennar, fyrir gæsluvarðhaldi og farbanni.

Í fyrsta lagi byggir stefnandi á því, að ekki hafi verið kominn fram rökstuddur grunur um refsiverðan verknað stefnanda þegar hún hafi verið látin sæta gæsluvarðhaldi með úrskurði 6. janúar 2010 og því eigi hún rétt til bóta úr hendi stefnda. Í þessu sambandi vísar stefnandi til þess að hún hafi neitað sök frá upphafi. Þá hafi stefnandi með engu móti hafa getað torvelað rannsókn málsins, þar sem umrædd fíkniefni hafi verið haldlögð í Færeyjum og grunaðir í málinu verið handteknir. Þá beri lögregluskýrslur í málinu með sér að aðrir hinna grunuðu hafi strax í upphafi borið að stefnandi hafi ekkert vitað um innflutninginn á fíkniefnunum og hennar eina aðkoma að málinu hafi verið sú að kaupa farmiða fyrir tvo menn með farþegaferjunni Norrænu án þess að hafa hugmynd um hvað til hafi staðið.

Háttarni stefnanda við farmiðakaupin hafi eindregið bent til þess að hún hafi ekki haft minnsta grun um að til stæði að flytja inn fíkniefni hingað til lands þegar hún hafi keypt farmiðana. Af gögnum málsins megi sjá að stefnandi hafi bæði haft samband við söluskrifstofu úr rekjanlegu númeri og farið sjálf á skrifstofuna til að athuga með ferðalag manna tveggja, auk þess sem hún hafi gefið þar upp símanúmer og nafn sitt svo hægt væri að hafa samband við hana. Stefnandi hafi einnig haft samband við lögregluna í Færeyjum, þar sem fyrrgreindir menn hafi verið í haldi, til að spyrjast fyrir um stöðu mála. Það sé því ljóst að stefnandi hefði aldrei gefið slíkar upplýsingar hefði hún vitað að til stæði að smygla fíkniefnum til landsins.

Sú staðreynd að stefnandi hafi keypt farmiða með Norrænu sé ein og sér ekki refsiverð. Eins og fyrr hafi verið nefnt hafi grandleysi stefnanda verið ljóst frá upphafi og engar vísbendingar hvað þá rökstuddur grunur um vitneskju stefnanda um fyrirætlan um innflutning fíkniefna. Niðurstaða í áðurnefndu máli nr. S-249/2010 sé afar skýr hvað þetta varði, en þar segi orðrétt:

„Enginn framburður eða vitnisburður er um það að hún hafi vitað að farmiðarnir sem hún keypti yrðu notaðir af einstaklingum sem ætluðu að flytja fíkniefni til landsins.“

Stefnandi byggir einnig á því, að ekki hafi verið skilyrði til að framlengja gæsluvarðhald hennar hinn 3. febrúar 2010 og af þeim sökum eigi hún bótarétt á hendur stefnda. Á gæsluvarðhaldstímanum frá 6. janúar til 3. febrúar 2010 hafi verið teknar fjórar lögregluskýrslur af henni. Stefnandi hafi staðfastlega neitað sakargiftum. Sömu sögu sé að segja um framburð annarra grunaðra í málinu, sem ítrekað hafi borið um það hjá lögreglu að stefnandi hafi ekki haft minnstu hugmynd um innflutning fíkniefna þegar farmiðarnir hafi verið keyptir. Engin önnur sönnunargögn hafi heldur komið fram um aðild kæranda að innflutningi. Það hafi því engar vísbendingar verið um aðild stefnanda að fíkniefnamisferli þegar gæsluvarðhaldið hafi verið framlengt.

Stefnandi byggir og á því, að ekki hafi verið skilyrði til að úrskurða hana í farbann hinn 17. febrúar, 17. mars, 31. mars, 28. apríl og 25. maí 2010. Samkvæmt þessum úrskurðum hafi stefnandi verið í farbanni í tæpa fjóra mánuði frá því að gæsluvarðhaldsvist hennar hafi lokið. Byggir stefnandi á því, að skilyrði farbanns hafi aldrei verið fyrir hendi meðan á farbanninu stóð, þ.e. frá 17. febrúar 2010 til 4. júní sama ár. Þegar hér hafi verið komið sögu, og í raun einnig frá upphafi, hafi fullkomlega verið orðið ljóst að stefnandi hafi enga vitneskju haft um innflutning á fíkniefnum hingað til lands. Ekkert hafi komið fram í skýrslum annarra sakborninga eða í öðrum gögnum að hún hafi átt hlut að máli. Þá hafi ekkert bent til þess að hún myndi reyna að komast úr landi, enda hafi hún verið búsett hér um árabíl og einnig öll fjölskylda hennar.

Stefnandi byggir á því, verði fallist á að skilyrði gæsluvarðhalds og farbanns hafi verið fyrir hendi, að hún hafi verið höfð of lengi í gæsluvarðhaldinu sem og farbanni. Skipti þá engu tímalengd gæsluvarðhalds samkvæmt dómsúrskurði, þar sem lögreglu beri stöðugt að endurskoða forsendur gæsluvarðhaldsins meðan á því standi, enda sé slík frelsisskerðing afdrifarík aðgerð og eigi ekki að beita henni nema brýn þörf sé á.

Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir verulegum miska vegna frelsisviptingarinnar, sem hún hafi þurft að þola vegna tilhæfulausra sakargifta. Það sé erfitt að gera sér í hugarlund þá sálarangist sem einstaklingur þurfi að ganga í gegnum sem sitji saklaus í gæsluvarðhaldi og einangrun í svo langan tíma, sem raunin hafi verið eða í fulla fjörtíu og tvo daga. Þá kveðst stefnandi einnig hafa orðið fyrir verulegum mannorðsmissi vegna málsins, enda hafi málið fengið umfjöllun í fjölmiðlum þar sem stefnandi hafi verið nafngreind. Málið hafi einnig reynt mjög á fjölskyldu hennar og haft miklar þjáningar í för með sér fyrir hana, enda sé samfélag Litháa hér á landi ekki fjölmennt og fréttir af handtöku stefnanda hafi breiðst hratt út meðal þeirra. Þetta hafi gert það að verkum að stefnandi hafi verið hrædd við að fara út eftir að gæsluvarðhaldsvistinni lauk og sé enn þann dag í dag hrædd við að fara á mannámót með samlöndum sínum þrátt fyrir að hún hafi verið sýknuð með endanlegum dómi. Þá kveðst hún hafa misst húsnæði sem hún hafi haft á leigu í miðborginni þegar leigusali hennar hafi fengið upplýsingar um hvaða sökum hún væri borin og hútleit framkvæmd í leiguhúsnæðinu. Enn fremur hafi ekkert orðið af námi hennar sem hún hafi haft í hyggju að stunda á vorönn 2010.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar um miskabætur vegna ólögmeðs gæsluvarðhalds á þann veg að telja 70.470 krónur fyrir hvern dag í einangrun í 43

daga, þ.e. samtals 3.030.210 krónur.

Stefnandi sundurliðar miskabætur vegna ólögmæts farbanns á þann veg að telja 70.470 krónur fyrir hvern dag í 106 daga, þ.e. samtals 7.469.820 krónur.

Stefnandi kveðst einnig hafa orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni vegna frelsisskerðingarinnar og hafi hún m.a. ekki fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá 25. febrúar 2010 til 19. apríl það ár, auk þess sem 9 dagar hafi verið dregnir af henni, þar sem hún hafi setið inni á þeim tíma sem bæturnar hafi verið greiddar. Hún hafi samtals glatað atvinnuleysisbótum í 62 daga, sbr. 53. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Kröfu vegna missis atvinnuleysisbóta séu miðaðar við fullan bótarétt sem stefnandi hafi haft, en bæturnar hafi verið 6.900 krónur á dag.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi svo í stefnu:

Miskabætur vegna ólögmæts gæsluvarðhalds	kr.	3.030.210
Miskabætur vegna ólögmæts farbanns	kr.	7.469.820
Bætur vegna missis atvinnuleysisbóta	<u>kr.</u>	<u>427.800</u>
Samtals	kr.	10.927.830

Um lagarök vísar stefnandi til XXXVII. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 5. gr. laga nr. 97/1995, og 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Kröfu um dráttarvexti byggir stefnandi á III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1987, um virðisaukaskatt, en nauðsynlegt sé að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

IV

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að öll skilyrði hafi verið fyrir hendi til þeirra aðgerða sem lögregla hafi gripið til gagnvart stefnanda, m.a. handtöku, gæsluvarðhalds og farbanns.

Byggir stefndi á því, að er stefnandi hafi verið handtekin og úrskurðuð í gæsluvarðhald hinn 6. janúar 2010 hafi verið kominn fram rökstuddur grunur um að hún hefði framið refsiverðan verknað, sem fangelsisrefsing sé lögð við.

Þegar stefnandi hafi verið handtekin hinn 5. janúar 2010 hafi rannsókn málsins verið á algjöru frumstigi. Fyrir hafi legið gögn sem staðfest hafi að stefnandi hefði haft samband við skrifstofu ferjunnar Norrænu og spurst fyrir um Litháana sem þá hafi setið í gæsluvarðhaldi í Færeyjum. Stefnanda hafi ekki verið veittar umbeðnar upplýsingar og hafi hún þá farið þess á leit að haft yrði samband við hana í ákveðið símanúmer. Í ljós hafi komið að það símanúmer tilheyrði öðrum sakborninga í málinu, þeim sem sakfelldur hafi verið í Héraðsdómi. Einnig hafi rannsókn lögreglu leitt í ljós að stefnandi hafi staðið fyrir breytingum á farmiðum þeirra tveggja Litháa, sem hafi verið í gæsluvarðhaldi í Færeyjum, og greitt fyrir þær breytingar. Þá hafi einnig verið ljóst að stefnandi ætti samneyti við þá tvo Litháa sem handteknir hafi verið hér á landi í tengslum við rannsókn málsins. Í símasamtölum, sem lögregla hafi hlustað á og hljóðritað, áður en til handtöku hafi komið, hafi komið fram upplýsingar sem bent hafi til þess að stefnanda væri kunnugt um fyrirhugaðan innflutning fíkniefna. Það hafi því verið ætlan lögreglu að stefnandi ætti þátt í tilraun til innflutnings á fíkniefnum hingað til lands og að hún hefði staðið að skipulagningu innflutningsins ásamt fleirum. Stefnandi hafi því verið undir rökstuddum grun um að hafa framið refsiverðan verknað sem varðað gat fangelsisrefsingu. Talið hafi verið að stefnandi gæti torveldað rannsókn málsins með því að koma undan sönnunargögnum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, gengi hún laus. Á þessari stundu hafi ekki verið vitað hvort fleiri aðilar væru viðriðir málið. Brýnir rannsóknarhagsmunir hafi því staðið til þess að tryggt yrði að stefnandi gengi ekki laus. Á það mat hafi Héraðsdómur fallist og talið að skilyrði a-liðar 95. gr. laga nr. 88/2001, um meðferð sakamála, væri uppfyllt, og féllst því á kröfu lögreglu um gæsluvarðhald stefnanda allt til 3. febrúar 2010. Sá úrskurður hafi verið kærður til Hæstaréttar Íslands, sem staðfest hafi úrskurðinn með vísan til forsendna hans.

Stefndi kveður að á tímabilinu frá 6. janúar 2010 til 3. febrúar 2010 hafi stefnandi verið yfirheyrður fjórum sinnum. Við þær yfirheyrslur hafi hún neitað allri vitneskju um innflutning fíkniefnanna, en sagst hafa keypt áður nefnda farmiða með ferjunni og greitt fyrir þá. Þá hafi stefnandi sagst hafa staðið fyrir því að bókunum hafi verið breytt og jafnframt greitt fyrir þær breytingar. Einnig hafi stefnandi viðurkennt að hafa hringt á skrifstofu ferjunnar og reynt að grennslast fyrir um ferðir Litháanna. Jafnframt hafi komið fram að hún hefði millifært peninga til aðila í Litháen. Hafi stefnandi sagst hafa gert þetta að beiðni annars sakbornings í málinu, Mindaugas Strimaitis, en sá sé eða hafi verið unnustu hennar. Stefnandi hafi, að eigin sögn, ekki vitað hvers vegna hún keypti farmiðana eða millifærði peningana. Misræmi hafi verið í framburði hennar og Mindaugas um aðkomu stefnanda. Í yfirheyrslu lögreglu yfir Mindaugas hinn 8. janúar 2010, hafi hann haldið því fram að maður að nafni Marias eða Martynas hefði leitað til hans og stefnanda og beðið þau um að annast farmiðakaupanna og hafi stefnandi síðan verið í sambandi við þennan mann vegna farmiðakaupin, en ekki hann sjálfur. Það hafi ekki verið fyrr en í skýrslutöku 31. janúar 2010 sem Mindaugas hafi borið að stefnandi tengdist ekki innflutningi fíkniefnanna. Ríkir rannsóknarhagsmunir hafi því verið fyrir hendi til að framlengja gæsluvarðhald stefnanda. Rannsóknin hafi verið umfangsmikil og miðað að því að finna út hverjir stæðu að baki skipulagningu fíkniefnainnflutningsins og hverjir væru eigendur hinna haldlögðu fíkniefna. Á þessum tíma hafi legið fyrir játning Mindaugas um aðild hans að innflutningnum. Gagnaöflun hafi enn verið í gangi og rannsaka hafi þurft fjármál stefnanda og upplýsa nánar um samskipti hennar og tengsl við

mögulega samverkamenn. Enn hafi því verið talið að skilyrði a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 væru fyrir hendi.

Stefndi byggir á því, að nauðsynlegt hafi verið að úrskurða stefnanda í farbann frá 17. febrúar 2010 til 8. júní sama ár. Stefnandi hafi á þessum tíma verið undir rökstuddum grun um hlutdeild í fíkniefnalagabroti. Ætluð brot hennar hafi verið talin varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. og 22. gr. sömu laga, en brot gegn ákvæðinu geti varðað allt að 12 ára fangelsi. Stefnandi sé litháiskur ríkisborgari, en skráð til heimilis hér á landi. Á þessum tíma hafi hún verið atvinnulaus og með takmörkuð tengsl við landið. Hafi því mátt ætla að hún myndi reyna að komast úr landi og þannig komast undan málsmeðferð fyrir dómi og fullnustu refsingar. Skilyrði b-liðar 1. mgr. 95. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2010 hafi því verið fyrir hendi.

Stefndi byggir á því, að þó svo að stefnandi hafi verið sýknuð í refsímáli, eigi hún ekki kröfu á hendur stefnda með vísan til 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, þar sem stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hún reisi kröfur sínar á. Athafnir stefnanda fyrir handtökuna sem og mjög ruglingslegur framburður hennar eftir að hún var handtekin hafi valdið því eða stuðlað að þeim aðgerðum.

Stefndi telur að ekki séu skilyrði til að dæma stefnanda bætur samkvæmt 228. gr. laga nr. 88/008, sbr. 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár, 5. gr. laga nr. 97/1995 eða 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá telur stefndi að krafa stefnanda á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993, sé algjörlega vanreifuð.

Stefndi telur að rökstuddur grunur hafi legið fyrir um að stefnandi hefði framið refsiverðan verknað strax í upphafi og áfram á meðan rannsókn málsins stóð yfir. Skilyrði hafi verið til þess að framlengja gæsluvarðhald yfir stefnanda, en rannsókn hafi leitt til þess að stefnandi hafi verið ákærð.

Stefndi verði ekki gerður bótaskyldur vegna umfjöllunar fjölmiðla og telur stefndi fullyrðingar stefnanda um fyrirhugað nám hennar vera ósannaðar og einnig það að hún hafi misst leiguhúsnaði sitt vegna aðgerða lögreglu.

Stefndi telur fullt tilefni hafa verið til handtöku, gæsluvarðhalds og farbanns yfir stefnanda, en að baki hafi legið úrskurðir dómara. Lögregla hafi nýtt rannsóknartíma sinn sem skyldi og ekki sé unnt að gera ríkari kröfur til hraðari málsmeðferðar, að mati stefnda. Sakarefni málsins hafi verið alvarlegt og hafi aðgerðir lögreglu verið bæði málefnalegar og í fullu samræmi við lagaheimildir. Hafi verið algjörlega nauðsynlegt að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi og farbanni.

Stefndi mótmæli fjárhæð bótakröfu sérstaklega, sem ósannaðri.

Varakröfu sína byggir stefndi á því að miskabótakröfur stefnanda séu í engu samræmi við dómaframkvæmd, fjárfrafa stefnanda sé með öllu ósönnuð og ósannað sé að skilyrði séu fyrir því að stefnandi eigi rétt á bótum vegna missis atvinnuleysisbóta.

Stefndi krefst og lækkunar bóta vegna eigin sakar stefnanda sbr. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 88/2008.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu miskabóta og bóta fyrir fjártjón vegna ólögsmæts gæsluvarðhalds og ólögsmæts farbanns, sem og að hún hafi, að óþörfu, verið látin sæta einangrun meðan á gæsluvarðhaldsvistinni stóð.

Byggir stefnandi málatilbúnað sinn á þeim grunni að henni beri réttur til skaðabóta með vísan til 228. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, en byggir einnig á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Skilyrði skaðabóta í tilviki eins og um ræðir í málinu lúta ákvæði 228. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár og skaðabótalaga, hafa verið skýrð svo að þau veiti ekki ríkari bótarétt en reglur laga nr. 88/2008.

Í 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, er heimilað að dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX. – XIV. kafla laga þessara ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi, þ.e. ef maður hefur verið borinn sökum í sakamáli, en mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi, án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann hafi verið talinn ósakhæfur. Þó má fella niður eða lækka bætur ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Ákvæði um heimild til gæsluvarðhalds og farbanns er í XIV. kafla laga nr. 88/2008.

Stefnandi var sem fyrr greinir úrskurðuð í Héraðsdómi Reykjavíkur í gæsluvarðhald, á grundvelli rannsóknarhagsmuna með vísan til a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, frá 6. janúar 2010 til 3. febrúar 2010 og var gæsluvarðhaldsvistin framlengd með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar til 17. febrúar sama ár. Hæstiréttur Íslands staðfesti báða þessa úrskurði og féllst á að skilyrði a-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála væri fyrir hendi. Stefnandi sat í gæsluvarðhaldi til 17. febrúar 2010 er hún var úrskurðuð í farbann. Ákæra var síðan gefin út á hendur stefnanda hinn 31. mars 2010, þar sem henni var gefið að sök hlutdeild í broti Mindaugas, en hann var ákærður fyrir tilraun til innflutnings á miklu magni af fíkniefnum, í félagi við aðra, ætluðum til söludreifingar hér á landi, í ágóðaskyni, með því að hafa að beiðni Mindaugas keypt farmiða fyrir tvo menn með farþegaferjunni Norrænu til Íslands vitandi að miðarnir yrðu notaðir af einstaklingum sem ætluðu að flytja til landsins fíkniefni, og fyrir að hafa greitt að hluta til fyrir farmiðana með eigin fé. Stefnandi var sýknuð í ákærumálinu með þeim rökum að enginn framburður eða vitnisburður væri um það að hún hefði vitað að farmiðarnir sem hún keypti yrðu notaðir af

einstaklingum sem ætluðu að flytja fíkniefni til landsins. Önnur gögn málsins væru ekki til þess fallin að fella á hana sök gegn eindreginni neitun hennar. Ósannað væri því að stefnandi hefði vitað að farmiðakaupin tengdust fyrirhuguðum fíkniefnainnflutningi, en Mindaugas Strimaitis, sem var meðákærði stefnanda hlaut tveggja ára og sex mánaða fangelsisdóm fyrir brot sitt.

Eins og að framan greinir var stefnandi hneppt í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á stórfelldu fíkniefnabroti er varðaði ætlaðan innflutning á fíkniefnum hingað til lands. Fyrir liggur að stefnandi annaðist kaup á farmiðum með ferjunni Norrænu fyrir tvo Litháa, sem tengdust málinu, og millifærði peninga til aðila í Litháen. Þá annaðist hún breytingar sem gerðar voru á farmiðum Litháanna og greiddi fyrir þær, en Litháarnir sátu í gæsluvarðhaldi í Færeyjum vegna málsins og sættu þar síðar ákæru.

Af því sem nú hefur verið rakið er ljóst að nauðsynlegt var að afla frekari gagna um hin meintu brot en rannsókn málsins var skammt á veg komin þegar stefnandi var hneppt í gæsluvarðhald. Skilyrði fyrir því að gæsluvarðhaldi sé beitt í þágu rannsóknar sakamáls eru þau að fram sé kominn rökstuddur grunur um að sakborningur hafi framið verknað sem fangelsisrefsing er lögð við og að ætla megi að hann muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, eins og fram kemur í a-lið 95. gr. laga nr. 88/2008. Þegar virt eru þau atriði sem fyrir lágu og hér hafa verið rakín verður að telja að fullt tilefni hafi verið til að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi, enda var þá, vegna þessara sömu atriða, kominn fram rökstuddur grunur um aðild hennar að meintu fíkniefnalagabroti sem fangelsisrefsing er lögð við, samkvæmt almennum hegningarlögum, eins og hér að framan hefur verið lýst og fram kemur í gæsluvarðhaldsúrskurðunum, sem staðfestir voru með dómi Hæstaréttar 11. janúar 2010 og 10. febrúar 2010. Þá liggur fyrir að margir aðilar tengdust ætluðu broti sem rannsóknin beindist að og skýringar stefnanda og framburður annarra sakborninga stönguðust á um þátt hennar og aðstoð við aðra sakborninga í málinu, skipulagningu þess og fjármögnun. Verður þar með ekki fallist á að stefnanda hafi verið gert að sæta gæsluvarðhaldi að ósekju, sbr. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Einnig verður að telja að þörf hafi verið á að stefnandi sætti gæsluvarðhaldi þar sem ætla mátti að hún myndi torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á samseka eða vitni. Rannsókn málsins, þar með talið skýrslutökum, var fram haldið allan gæsluvarðhaldstímanna, en, eins og áður greinir, voru margir aðilar grunaðir um að eiga aðild að brotinu og rannsókn málsins, sem var allumfangsmikil, önnuðust lögregla og tollgæsla á Íslandi, í Færeyjum og í Litháen. Þegar það er virt verður ekki fallist á, að tími sá sem stefnandi sætti gæsluvarðhaldi hafi verið óhóflegur og lengri en efni stóðu til.

Að þessu virtu verður ekki talið að skort hafi á lögmæt skilyrði þess að gæsluvarðhaldinu var beitt eða að ákvæði stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttmála Evrópu eða annarra laga, sem stefnandi vísar til, leiði til þess að hún eigi rétt á bótum úr hendi stefnda. Þá verður að telja að skilyrðum b-liðar 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 100. gr. sömu laga, um að banna stefnanda för frá Íslandi, hafi verið fullnægt, en stefnandi er erlendur ríkisborgari, hún var á þessum tíma atvinnulaus og hafði takmörkuð tengsl við landið. Verður því að telja, með vísan til þess sem að framan greinir, að nauðsynlegt hafi verið að tryggja nærveru hennar til að koma í veg fyrir að hún gæti komið sér undan frekari rannsókn, saksókn, og málsmeðferð fyrir dómi, vegna þeirra brota sem hún var grunuð um að hafa átt

aðild að.

Þer með vísan til þess að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 16. september 2010.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er lögmannsþóknun hennar 650.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið litið til virðisaukaskattsskyldu stefnanda.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Rima Kavalskyte, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 650.000 krónur, sem er málflutningsþóknun lögmanns hennar, greiðist úr ríkissjóði.

Hervör Þorvaldsdóttir